

**6. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 24. október, kl. 14.00 í Flúðaskóla.
19. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Alma Jenný Sigurðardóttir, fulltrúi kennara. Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi boðuðu forföll.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Fjárhagsáætlun 2013.**
- 3. Skólanámsskrá, almennur hluti.**
- 4. Skólastefna, næstu skref.**
- 5. Beiðni starfsmanna um launalaust leyfi.**
- 6. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

10. bekkingar voru með myndasýningu og ferðasöguna frá Danmerkurferð sinni í Félagsheimilinu mánudagskvöldið 8. október. Mjög góð mæting var á þessa frábæru upptöku hjá þeim.

Nýsköpunarkeppnin grunnskólanna 11 og 12. október. Ragnheiður Guðjónsdóttir 6. bekk, Nói Mar Jónsson 7. bekk og Sunneva Sól Árnadóttir 7. bekk stóðu sig með mestu þryði í

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem haldin var um síðustu helgi. Sunneva Sól lenti í öðru sæti í sínum flokki fyrir Barnapurkuermar, Ragnheiður með þrjónakörfur og Nói Mar með ostaskera. Fengu viðurkenningu fyrir góða frammistöðu. Hönnun þeirra verður til sýnis í skólanum næstu vikur.

Skáld í skólum, bókmenntadagskrá fyrir börn og unglunga var fyrir 1. - 6. bekk síðastliðinn mánudag. Sigrún og Þórarinn Eldjárn komu í heimsókn til okkar með fyrirlestur sem þau nefna Sveimað um heima og geima. 7. – 10. bekkur fær samskonar heimsókn á föstudaginn en það verða þeir Sindri Freysson og Ævar Örn Jósefsson en þeir nefna sinn fyrirlestur Morð og stríð.

5. – 7. bekkur fór í sína árlegu Reykjavíkurferð þriðjudaginn 23. október, þar voru Þjóðminjasafnið og Þjóðmenningarhúsið heimsótt.

Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk eru komnar og eru sem hér segir:

10. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	Enska
Flúðaskóli	6,6	6,3	7,0
Suðurkjördæmi	6,1	6,2	6,3
Landið allt	6,4	6,5	6,6

Ekki eru komnar niðurstöður í 4. og 7. bekk.

2. Fjárhagsáætlun 2013.

Farið var yfir fjárhagsáætlun 2013 fyrir Flúðaskóla, mótuneytið og skólaselið og stöðu mála á yfirstandandi fjárhagsári. Gjaldskrá hækkar almennt á bilinu 5% til 10% frá fyrra ári. Fræðslunefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

3. Skólanámsskrá, almennur hluti.

Skólanámsskráin var lögð fram til kynningar á síðasta fundi. Fræðslunefnd samþykkir skólanámsskránnu.

4. Skólastefna, næstu skref.

Formaður fór yfir næstu skref í vinnu við gerð skólastefnunnar. Rætt var um að skipta vinnunni í þrjá hluta eftir stofnunum, en þó þannig að hóparnir hittist til að samræma vinnulag. Samþykkt að halda sameiginlegan fund með fulltrúum allra hagsmunaaðila og ráðgjafa um framhald vinnunnar.

5. Beiðni starfsmanna um launalaust leyfi.

Skólastjóri fór yfir beiðnir Ingibjargar Baldursdóttur og Margrétar Larsen um launalaust leyfi í eitt ár. Fræðslunefnd samþykkir beiðnirnar. Helgi vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.15.